

## TILLAGA

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

### ***Eiðsgranda og Ánanaust, ný gönguljós og endurbætur á göngupverun***

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúning, verkhönnun og gerð útboðsgagna, í samvinnu við Vegagerðina vegna breytinga á göngupverun yfir Ánanaust og nýrra gönguljósa yfir Eiðsgranda í samræmi við meðfylgjandi yfirlitsmynd.

Greinargerð:

Vegagerðin og Reykjavíkurborg hafa unnið að tillögunni í sameiningu með það að markmiði að bæta umferðaröryggi og aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda. Umferð óvarinna vegfarenda hefur aukist á þessu svæði. Íbúar hafa kallað eftir bættu aðgengi að stígum við ströndina auk þess sem umferðarslys sem orðið hafa á undanförunum misserum gefa tilefni til breytinga.

Tillagan gerir ráð fyrir nýjum gönguljósum á Eiðsgranda, vestan við innkeyrslu að Hringbraut 121. Samhliða því að komið er fyrir gönguljósum er gert ráð fyrir að akreinum vestur Eiðsgranda sé fækkað þannig að núverandi vinstribeygjuvasi verði fjarlægður og í staðinn verði núverandi vinstri akrein gerð að beygjuakrein. Tillagan gerir ráð fyrir að ekki verði unnt að taka vinstri beygju frá Hringbraut 121 inn á Eiðsgrandi.

Á Ánanaustum næst hringtorgi á gatnamótum Ánanausta, Hringbrautar og Eiðsgranda gerir tillagan ráð fyrir að settar verði upp miðeyjur milli akreina í og úr hringtorginu. Miðeyjunum er ætlað að veita gangandi vegfarendum á leið fyrir götuna skjól en tvær akreinar eru í hvora átt á Ánanaustum svo erfitt getur verið að átta sig á eða hafa yfirsýn yfir aðvífandi umferð.

Ánanaust og Eiðsgrandi er u þjóðvegir í þéttbýli. Aðkoma Reykjavíkurborgar að væntanlegri framkvæmd fellst aðlögun og gerð stíga við göngupveranirnar.

Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
samgöngustjóri

Hjálagt: Yfirlitsmynd af áætluðum breytingum



Reykjavíkurborg



Yfirlitsmynd af fyrirhuguðum breytingum